


Þjónustukönnun Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2020


Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu hefur unnið spurningakönnun síðustu tvö ár fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð í kennslu í tölfræði. Könnunin er þannig unnin að nemendur FAS hringja út í úrtak íbúa út frá þýði allra íbúa 18 ára og eldri í sveitarfélaginu. Hringt var út á vorönn 2020. Fjöldi svarenda á þessu ári var 87 miðað við 111 árið áður. Hlutfall jafnt milli kynja bæði árin og var meðalaldur svarenda nánast sá sami bæði árin 46-47 ár. Þegar spurt var um lengd búsetu í sveitarfélaginu var árafjöldinn 33 ár 2020 en 35 ár árið áður. Hlutfall þeirra sem hafa börn á sínu framfæri var 40% árið 2020 en 33% árið 2019. Niðurstöður eru hér kynntar fyrir árin 2019 og 2020 á sömu mynd.


Fyrsta spurning snéri að því hvernig leyst var úr erindi sem send voru til sveitarfélagsins. Þá eru íbúar ánægðari nú með afgreiðslu erinda hjá sveitarfélaginu og færri eru óánægðir.



Næstu tvær myndir sína heildarniðurstöður könnunarinnar. Helst er þar markvert að sjá aukna ánægju íbúa með það hvernig sveitarfélagið sinnir sorphmálum í sveitarfélaginu. Gerðar voru breytingar á sorphirðu á árinu 2020 þannig að tíðni losunar á endurvinnslutunnu var aukin, íbúar fengu auka tunnu undir lífrænt sorp ásamt því að dregið var úr tíðni losunar á almennu og lífrænu sorpi. Þessar breytingar virðast hafa hentað íbúum betur en það fyrirkomulag sem áður var og má að auki benda á að hlutfall þess sorps sem fer til endurvinnslu hjá heimilum í sveitarfélaginu er 47% og geta íbúar verið stoltir af þeim árangri en á landsvísu er hlutfallið 28,5% samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun.

Það er einnig ánægjulegt að sjá hversu ánægðir íbúar eru með Sveitarfélagið Hornafjörð sem stað til að búa á en 94% íbúa eru ánægðir og hefur það hlutfall aukist milli ára.





Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri